

From: Helgi J <[REDACTED]>
Sent: þriðjudagur, 19. janúar 2021 10:45
To: Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>
Subject: Athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi

Góðan dag

Vegna auglýsingar á tillögu til breytinga á aðalskipulagi Dalabyggðar, sem birtist í Morgunblaðinu 23. nóvember 2020, eru athugasemdir eigenda jarðarinnar Hamra í Dalabyggð við breytingar á aðalskipulaginu með bréfum 24. og 27. mars 2020 hér með áréttaðar.

Því til viðbótar er því haldið fram af hálfu eigenda jarðarinnar að svo lítið sveitarfélag, sem Dalabyggð er, geti ekki talist hlutlaus aðili í skilningi EES-réttar við mat á umhverfisáhrifum. Rökin fyrir því eru að annars vegar á í hlut fjársterkt fyrirtæki, sem hyggur á stórar framkvæmir með miklum umhverfisáhrifum, og hins vegar agnarlítið sveitarfélag sem getur átt von á umtalsverðum tekjum af þeirri starfsemi, sem fyrirhuguð er og mun augljóslega valda miklum umhverfisspjöllum. Hefur þetta litla sveitarfélag því verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af fyrirhugugaðri starfsemi. Í þessu sambandi er m.a. vísað til þess að innleiðing á EES-tilskipun um lög á mat á umhverfisáhrifum, sem lögtekin var í júlí 2020, hafi ekki verið löglega innleidd í íslenskan rétt.

F.h. eigenda jarðarinnar Hamra,
Helgi I. Jónsson